



Bæjarráð Akraness

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Akranesi 12.03.15

Varðandi: **Leikskólar - fjöldi starfsmannafunda**

Málsnúmer: **1502240**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. mars sl. var eftirfarandi bókað:

„Skóla- og frístundaráð styður framkomna tillögu og mælir með því við bæjarráð að veitt verði auka fjárveiting vegna þessa starfsmannafundar.“

Í tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem lögð var fram á fundinum kom eftirfarandi fram:

Skólastefna Akraneskaupstaðar leggur áherslu á samstarf allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins á Akranesi. Í starfsáætlunum stofnana skóla- og frístundasviðs er lögð áhersla á að samstarf, samhugur og samstaða verði efla til hagsbóta fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Af ofangreindum ástæðum var sótt um hálfan skipulagsdag fyrir leikskóla sl. haust til viðbótar þeim fjórum sem fyrir eru. Skóla- og frístundaráð hafnaði þeirri beiðni þar sem ekki var vilji til að fjölga þeim dögum sem foreldrar eru frá vinnu vegna skipulagsdaga. Það er hins vegar skilningur fyrir hendi á að starfsfólk á skóla- og frístundasviði þurfi að hafa tækifæri til að stilla saman strengi, fá sameiginlega fræðslu og eiga samtal sín á milli. Því er lagt til að leikskólastjórar fái heimild til að bæta við einum starfsmannafundi á ári ef það gæti orðið til þess að deila hálfum samráðsdegi (skipulagsdegi sem þeir hafa nú þegar samþykktá á hverju skólaári) með starfsfólk skóla- og frístundasviðs.





Akraneskaupstaður

Áætlaður kostnaður.

Óskað er eftir því að bæjarráð samþykki úthlutun fjármuna að fjárhæð kr. 640.000 til leikskólanna á Akranesi til að mæta kostnaði vegna starfsmannafunda sem haldnir yrðu utan opnunartíma leikskólanna. Kostnaðaráætlun byggir á því að hverjum starfsmanni eru greiddar tvær klukkustundir í yfirvinnu. Skipting fjármuna á milli leikskólanna yrði eftirfarandi:

- Akrasel kr. 217.000
- Garðasel kr. 126.000
- Teigasel kr. 108.000
- Vallarsel kr. 189.000

Samtals kr. 640.000

Virðingarfyllst,

Helga Gunnarsdóttir

Helga Gunnarsdóttir

sviðsstjóri

